

Aganefnd LH

Mál nr. 2/2009

Aganefnd LH kom saman 17. ágúst 2009. Í aganefnd eru Þorvaldur Sigurðsson formaður, Atli Már Ingólfsson og Sæþór Fannberg.

Tekið er fyrir mál nr. 2/2009,

Tekin er fyrir kæra Hanný Heiler dagsett 21. júní 2009, vegna þátttöku hestsins Gruns frá Hafsteinsstöðum IS1996157342 á gæðingamóti Hornfirðings sem haldið var að Fornustekjum dagana 20. og 21 júní 2009.

Málsatvik:

Í kæru kemur fram að skráður eigandi hestsins frá 18.06.2009 sé Pálmi Guðmundsson, Lækjarbrekku, Hornafirði og hafi hann verið knapi á Grun umrætt sinn. Kemur einnig fram að Grunur hafi keppt á opnu gæðingamóti Fáks sem haldið var þann 9. maí 2009 og samkvæmt World-Feng hafi þá skráður eigandi verið Sigurður Sigurðarson, í hestamannafélaginu Geysi, knapi á hestinum þá var Teitur Árnason.

Forsendur fyrir niðurstöðu aganefndar:

Aganefnd hefur sannreynt þær skráningar á eignarhaldi sem getið er um í kæru. Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að hesturinn Grunur frá Hafsteinsstöðum hefur verið skráður í keppni og keppt á einu og sama keppnistímabilinu fyrir tvö hestamannafélög. Með þessu telur aganefnd að knapi og eigandi hafi brotið gegn eftirfarandi lagagrein LH 7.3.1. er fjallar um keppnisrétt og skráningu en þar segir í 2. mgr: *“Hestur getur aðeins keppt fyrir eitt félag hvert almanaksár. Undantekning er keppni eða sýningar í fjáröflunarskyni”*.

Í lögum LH segir í grein 3.5: *Taki keppandi þátt í móti, þar sem ákvæðum 3.3 og 3.4 greinar er ekki fylgt, varðar það missi titils og verðlauna. Þá skal refsa keppanda og mótshaldara.*

Niðurstaða aganefndar LH:

Úrskurður aganefndar er eftirfarandi:

Fella skal niður titil og árangur Gruns IS1996157342 frá Hafsteinsstöðum í gæðiagnamóti Hornfirðings sem haldið var dagana 20.-21. júní 2009. Ekki er ástæða til frekari agaviðurlaga vegna málsins. Tekur Aganefnd í því sambandi tillit til þess hversu mál þetta hefur dregist í meðförum nefndarinnar.

Reykjavík 17.08.2009

Aganefnd L.H.
Þorvaldur Sigurðsson
Atli Már Ingólfsson
Sæþór Fannberg